

AÐGERÐ Á SINASLÍÐRI

Aðgerð er gerð í svæfingu. Algengasta ástæða þessara aðgerða er vegna þrengsla á vöðvahólfum. Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi, **hvorki matur eða drykkur í 8 tíma fyrir aðgerð** og hafa farið í sturtu um morguninn. Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Það má stíga í fótinn að vild ef ekki er tekið annað fram. Stundum þarf að hafa hækjur fyrstu 2-3 dagana en þess þarf ekki vanalega. Þú keyrir ekki bíl sama dag. Áður en þú ferð af læknaðstofunni ræðir læknir þinn við þig og gefur þér endurkomutíma sem er oftast 1-2 vikur eftir aðgerð. Oftast eru bólgueyðandi og almenn verkjalyf notuð í nokkra daga eftir aðgerð sem send eru rafrænt í apótek samdægurs. Ekki er æskilegt að taka þau ef óþægindi frá maga gera vart við sig.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir 3 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka létt kringum sárin og setja síðan hreinar umbúðir sem loftar um.

Eftir um 5 daga má taka allar umbúðir af en halda litlu plástraunum sem eru yfir skurðsárum. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Æskilegt er að byrja strax að liðka ökkjana og eftir aðgerð. Það má byrja fljótlega að vinna, oftast innan við 2 vikur ef starfið er ekki krefjandi.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf né heldur náttúrulyf 1 viku fyrir aðgerðina. Bólgueyðandi lyf, Íbúfen og skyld lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau eins og önnur lyf um morguninn fyrir aðgerð með litlum sopa af vatni.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða ef mjög brátt þá undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.

Óskum þér góðs bata.

Örnólfur Valdimarsson MD, PhD, OLY.

Bæklunarskurðlæknir

Læknastöðin Orkuhúsinu

Urðarhvarf 8

203 Kópavogur